

## AUGLÝSING

### um umferð í Vopnafjarðarhreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, hefur verið ákveðið að hámarkshraði bifreiða í þéttbýlinu á Vopnafirði, á vegkaflanum frá Lónabraut 7 að Lónabraut 23, verði 15 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á Austurlandi, 31. maí 2018.*

**Helgi Jensson**, aðstoðarsaksóknari.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2018